14. Jarðarfarir og erfidrykkjur
fyrir 60 - 70 árum.
Upphaf að ritgjörð.

---

3 blöð qto.

Fyrir 60-70 árum og ádur voru badstofurnar med moldargólfunum og einum sex-rúda-glugga á stafni adel-vistarveran heimilisfólksins í flestum sveitum. Þar hafdist þad vid á daginn vid vinnu sína og þar svaf þad á nóttunni, þar fæddust börnin og þar lá margur madurinn banalegu sína, því þá voru engin sjúkrahús til önnur, né spítalar. Í flestum badstofum voru þrjú stafgólf eda sex rúm, þrjú til hvorrar hlidar og þannig byggd, ad grjótbálkur var byggdur eftir endilangri badstofinni, sinn vid hvorn vegg og þeir þaktir þurru torfi. Fyrir fram an grjótbálka þessa var slegid bordi, venjulega einbreidu, og var þad nefnt rúmstokkur, en skilrúmid á milli rúmanna vard med því, ad stodir gengu frá gólfi uppí sperrukjálka med þriggja álna millibili og frá stodunum uppad veggnum var slegid fjölum eda þunnum bordum, sem ýmist myndudu höfda- eda fóta-gafl rúmsins. Offast lágu tveir menn í rúmi, ýmist andfætis eda „uppí arminn", sem kallad var. Á veggnum fyrir ofan rúmin var bordi slegid, sem sperrurnar hvíldu á og var bilid á milli þeirra nefnt móledur (sennilega dregid af ~~[illegible]~~ dansku ordinu „Murlægte"), og á því geymdu börnin spónum sinn og „dót" sitt ef nokkud var.

Yfir torfid í grjótbálkunum var látid hey-helzt gulnefja eda snjónál eda annad mýrgresi, þar yfir var svo rekkjuvodin breidd og undir annari rekkjuvod einni og brekáni sváfu menn um nætur. Einhver koddabledill, máske adeins med heyi í stad fidurs, var hafdur undir höfdinn. Undir- og yfir-sængur voru óvída til. Þannig var nú um okkur búid í æskuárum, sem nú erum

Fröken E. Westergaard

Husholdningsskolen

Sorö Danmark

Den 22 ds. har jeg tilladt mig at tilsende Dem et Telegram saalydende:

"Beklager Sygdomstilfælde forebygger Fröken Gilad alters Tiltrædelse"

Dette er beklage vis begrundet paa Lægens Advarsel mod min Tiltræde Nedrejse Afm vedlagt Lege-Attest

Fk. G. Kom hertil for nogle Dage siden for at forberede sig til Nedrejsen, men ved en lang og besvarlig Regre hertil paa, og hun sig saa megen Forhøielse og Upassalighed at blev nedsagt til at ~~[illegible]~~ gaae til Lægen for at ~~[illegible]~~ hans undersøge hendes ~~[illegible]~~

I Haab om at De vil betragte disse Medelige Omstændigheder ~~[illegible]~~ ikke uden Grunde, helses De fra Fk. G. med Tak for at Deres Venlighed i med henden

Med Hr.

ordin nævn sjötug, karlar og kerlingar og er sídur en svo, ad viljum átelja foreldra okkar eda adra fyrir þann adbúnad. Eg vissi til ad á heimili einu í nágrenni vid æskuheimili mitt fæddust 17 börn og ad þau urdu ad liggja öll uppvaxtarár sín í strigapokum ofan á heyinu sem haft var ofan á rúmbálkunum. Annad höfdu þau ekki af sængurfatnadi undir sér né yfir. Eru mörg þeirra enn á lífi, bædi hér í landi og í Ameríku og mönnudust þau vel. Um þrjá sonu þessa fátæka en þrifalega heimilis veit ég þad, ad tveir þeirra eru og hafa lengi verid ágætir barnakennarar sinn í hvorum barnaskóla í tveim kaupstúnum austan- og sunnanlands og einn þeirra er medal duglegustu verkamanna hér á bænum. Má af þessu sjá, ad „á misjöfnu þrífast börnin begt", en heimili þad er þeir ólust upp á var ordlagt fyrir hreinlæti og þrifnad og mu þad hugsad fremst af öllu ad börnin lidu engan skort á fædi eda færu á mis vid neina þá frædslu sem völ var á, þó eigi nytu þau skólavistar fyr en eftir tekt.

Þannig var, eins og nú var lýst, adbúnadur almennings innan heimilisins og þegar einhver dó – sem vitanlega bar þá ad, eins og nú –, var þad almennur sidur, ad taka allt þad hey, sem hann hafdi legid á og í rúmi hans var og breida þad undir líkid á medan þad lá á börunum; þegar líkid sídan var hafid út af heimilinu til greftrunar, var heyid borid út á móa spölkorn frá bænum og brennt þar. Heyid var þá, sem sé nefnt nágras og þad, ad brenna þór þannig, var kallad ad brenna nágresid eftir þann sem á heyinu hafdi legid og dáid. Þessi aldagamli sidur var byggdur á þeirri almennu og bjargföstu trú

manna á þeim tímum:

Í fyrsta lagi á því, ad ef nágrasinn væri eigi brennt, gætu menn átt von á því, ad sá sem á því hafdi legid og dáid, lægi ekki kyrr í gröf sinni.

Í ödru lagi á því, ad med því ad brenna nágrasinn, gerdu þeir, sem eftir lifdu, sitt til þess, ad hann yrdi sálu hólpinn, því svo var álitid, ad med þessu væru syndir hans afmádar og ad engu gjördar og þær brennlar til ösku med nágrasinn. Loks var þetta – ad brenna nágrasid – þeirra tíma vörn gegn sjúkdómshættu og sóttnæmis fyrir þá er eftir lifdu og er sú rádstöfun skiljanleg og lofsverd mjög, því þá voru engin sóttvarnarmedul önnur fyrir hendi ef um smitsama sjúkdóma var ad ræda, en ad brenna fatnadi þeirra er dóu, og öllu því er þeir lágu vid.

Nágras er einnig nafn á sérstokri tegund illgresis, sem talid er ad vaxi á leidum eda gröfum vondra manna og því var þad, ad menn tóku oft svo til orda: „Eg vona, ad þad vaxi ekki nágras á leidinn mínu!"

Af þessu ségt, ad þad var alls eigi lítid á húfi fyrir lifendur og dauda, hvort nágrasid var brennt edur eigi.

En svo kem ég ad því sem ég ætladi ad tala um – þetta er nokkurskonar ningangur ad því – en þad er: Jardarfarirnar og erfisdrykkjurnar fyrir 60-70 árum.

Þad var almennvenja þá og löngum ádur, ad vidhafnarmiklar og dýrar átveiglur voru haldnar, þá er menn voru jardsungnir, jafnvel þó nuglingar væru eda börn, en vitanlega fór þetta þó ad mikla leyti eftir efnum og ástædum adstendenda, hvo dýrar og vidhafnarmiklar slíkar veiglur voru. Flestir munu þó hafa reynt „ad gefa lík mönnunum ad borda", eins